

Fundargerð

23. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2016-2018, haldinn í D-fundarsal ÍSí miðvikudaginn 4. október 2017.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fríða Rún Þórðardóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Gunnar Svavarsson, Lóa Björk Hallsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ.

Formaður setti fund klukkan 17:00 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð 22. fundar staðfest. Engin afgreiðslumál til að staðfesta.

2. Verkefni landsliða 2017 – NM í Víðavangshalupi 2017

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir keppnisumrinu, farið yfir mótayfirlit, rekstrarkostnað og tekjur. Frávik vegna Evrópurkeppni landsliða sem var í Tel Aviv og EMU23. Fjöldi keppenda og þjálfara var meiri en áætlanir m.a. um ferðakostnað gerðu ráð fyrir. Heildarafkoma ásættanleg.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fundi með kollengum sínum á Norðurlöndum m.a. vegna NM í Víðavangshlaupi haldið 10.11 í Danmörku. Gert ráð fyrir að mótið verði haldið á Íslandi 2018. Málið rætt og stjórn ákveður að senda fjóra keppendur og einn þjálfara sem jafnframt mun fylgjast með framkvæmd mótsins. Framkvæmdastjóra og varaformanni falið að vinna málið áfram, til fullnustu, með langhlaupanefnd.

3. Verkefni landsliða 2018

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fyrstu drögum að keppnisskrá 2018 sem jafnframt endurspeglar sig í fjárhagsáætlun FRÍ vegna 2018. Umræður um einstök atriði. Framkvæmdastjóra falið að ræða málið, án skuldbindinga, við ÍPA og unglínganefnd. Tekið fyrir aftur á næsta stjórnarfundi.

4. Formannafundur, uppskeruhátíð og ársþing FRÍ.

Rætt um dagsetningar og fyrirkomulag. Ákveðið að formannafundur verði föstudaginn 17.11 kl. 18.00-20.30. Uppskeruhátíðin í desember, jafnt sem íþróttamenn FRÍ yrðu kynntir þann dag, jafnvel 1.12. Rætt um dagsetningar fyrir ársþing FRÍ að vori. Frestað til næsta fundar.

5. RIG 2018

Rætt um skipulagningu vegna RIG 2018. Framkvæmdanefnd hefur verið sett á laggirnar og mun hún funda fljótlega til að leggja fyrstu línur. Tillögur að framkvæmdaatríðum verða kynnt á næsta fundi í samræmi við skýrslu verkefnastjóra RIG 2017 og rýni verkefna. Rætt um einstök atriði.

6. Samningar og umboð starfshópa

Formaður leggur fram verklagsreglu stjórnar er varðar aðkomu að samningamálum og starfi starfshópa stjórnar. Stjórn samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti.

7. Afrekssjóður ÍSÍ

Formaður gerði grein fyrir næstu úthlutun sjóðsins sem fyrirhuguð er 5. október. Nánar kynnt á næsta stjórnarfundum þegar fyrir liggur ákvörðun afrekssjóðs ÍSÍ.

8. Mótaskrá, Íþróttahátíð UMFÍ, Úthlutun móta

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir hugmyndum að Meistaramóti 2018 í tengslum við Íþróttahátíð UMFÍ á Sauðárkróki. UMFÍ hefur leitað eftir samstarfi við FRÍ. Samþykkt að framkvæmdastjóri ræði áfram við UMFÍ til að kanna kosti þess og galla að mótið fari fram samhliða Íþróttahátíðinni.

Framkvæmdastjóri kynnti einnig hugmyndir að breytingatillögum við mótaskrá 2018. Framkvæmdastjóra falið að uppfæra mótaskrána í samræmi við tillögur og kynna móta- og mannvirkjanefnd.

9. Fjármál

Gjaldkeri gerði grein fyrir vinnu við Q3 árshlutauppgjör. Gagnaskráningum lokið í bókhaldskerfið og rekstraryfirlitið verður sent út á stjórnarmenn samhliða fundargerð.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.18:30.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.